

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts 2006-2007.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2006-2007, verði sem hér segi:

Dilkakjöt:

<i>Tímabil:</i>	<i>Útflutningshlutfall:</i>
1. júlí 2006 - 9. september 2006	4%
10. september 2006 - 11. nóvember 2006	10%
12. nóvember 2006 -	4%

2. gr.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 610/2005 um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 2006.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.